


NÁMSMAT Í SALASKÓLA


FORELDRALEIÐBEININGAR

Formlegt námsmat í Salaskóla er tvisvar sinnum á vetri. Í janúar er stöðumat og í júní er vitnisburður fyrir skólaveturinn. Þess á milli eru upplýsingar færðar jafnóðum í hæfnikort nemenda á Mentor og niðurstöður fást fyrir hvert og eitt hæfniviðmið.

Hæfnikort nemenda má finna á Mentor undir flísinni Námsmat.



HÆFNIKORTIÐ



Á hæfnikortinu má sjá öll hæfniviðmið sem búið er að meta í hverri námsgrein fyrir sig.

Til vinstri þarf að velja fagið.




Námsmat 2024-2025

Nýtt námsmat í 4 grein/um

Danska	NÝTT
Íslenska	NÝTT
Samfélagsgreinar	NÝTT
Stærðfræði	NÝTT

Hægt er að skoða hæfnikortið. Athugið að í íslensku er auk hæfnikorts hægt að sjá lesfimi.



NÁMSGREINAR

HÆFNIKORT

- Íslenska fyrir 8.-10. bekk *
- SAL-U-Íslenska *

VERKEFNI

Metin við listi

Talað mál, hlustun og áhorf

Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.

Lestur og bókmenntir


Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað.

Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og söguviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.

Lesið, túlkað, metið og fjalla SKYRSLUR fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fylgandi bókmennta.



MATSKVARÐINN Á HÆFNIKORTINU



Í öllum árgöngum eru hæfniviðmið og námsframvinda þeirra útskýrð með 6 táknum.

Framúrskarandi - Nemandi hefur náð framúrskarandi tókum á hæfninni.

Góð hæfni - Nemandi hefur náð betri tókum á hæfninni en ætlast er til m.v. aldur og þroska.

Hæfni náð = Nemandi hefur náð tókum á hæfninni og getur beitt henni.

Á góðri leið - Nemandi er nálægt því að ná tókum á hæfninni og/eða getur beitt henni að hluta við einföld verkefni.

Þarfnast þjálfunar - Nemandi hefur reynt sig við hæfnina og náð grunntökum á henni en þarf að æfa hæfnina betur.

Hæfni ekki náð = hér hefur nemandi ekki náð ákveðinni hæfni og þarf því meiri tíma og þjálfun til að ná hæfninni.

 1 Nemandi valinn

 Framúrskarandi

 Góð hæfni

 Hæfni náð

 Á góðri leið

 Þarfnast þjálfunar

 Hæfni ekki náð


 Umsagnir

 Sýnishorn

Stundum eru hæfniviðmið metin oftar en einu sinni. Hægt er að smella á hæfniviðmiðið og sjá söguna.




FORMLEGT NÁMSMAT




Formlegt námsmat í Salaskóla er tvisvar sinnum á vetri. Í janúar er stöðumat og í júní er vitnisburður fyrir skólaveturinn.

Mín Mappa = Stöðumat og Vitnisburðarblað (rafræn skjöl) er fært í Mín Mappa nemandi á Mentor.



VIÐ LOK 4. 7. OG 10. BEKKJAR



Við lok 4. og 7. bekkjar er gefið fyrir matsviðmið í íslensku og stærðfræði að vori. Þá er gefinn bókstafur og stuðst við matsviðmið Aðalnámskrár

Við lok 10. bekkjar er gefið fyrir matsviðmið í öllum námsgreinum. Þá er gefinn bókstafur og stuðst við matsviðmið Aðalnámskrár.

” Í aðalnámskrá grunnskóla eru matsviðmið sett fram fyrir námsgreinar, námssvið og lykilhæfni. Matsviðmið eru lýsing á, hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni, á valdi sínu.

“

Tjáning og miðlun	
Nemandi getur:	
A	Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum af öryggi og gert grein fyrir skoðunum sínum á skýran og greinagóðan hátt. Notað ólíka miðla jafnan af hugvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.
B	Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og gert skýra grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla af hugvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.
C	Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og gert grein fyrir skoðunum sínum. Notað ólíka miðla á viðeigandi hátt við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.

